

Stutt og ýtarlegt. Um vísbendingar

Ástráður Eysteinnsson

prófessor í almennri bókmenntafræði, Háskóla Íslands

Það er kannski við hæfi þegar rætt er um það sem orðað er í stuttu máli að byrja umsvifalaust í stafkrókafræðum. Ég þurfti kontrapunkt við „stutt“ og þá kom „ítarlegt“ upp í hugann. Eða er það „ýtarlegt“? Þegar ég leita uppi orðið *ýtarlegur* í *Íslenskri samheitaorðabóke* vísar hún mér á orðin „nákvæmur“, „rækilegur“ og „skilmerkilegur“ en er ég fletti upp *ítarlegur* þá er bent á orðin „ágætur“ og „glæsilegur“ en líka „ýtarlegur“. Eru þetta þá einungis stafkrókaafbrigði sama orðs eða hafa orðin runnið saman á einhvern hátt? En þegar ég leita á náðir *Íslenskerar orðsifjabókar* Ásgeirs Blöndals Magnússonar þá er mér vísað frá „ítarlegum“ til orðsins „ítur“ sem merki „fagur, ágætur“, sbr. „íturvaxinn“, en uppruninn er samt „óviss“. „Hugsanlega í ætt við *eitill* og *eitur* (s.þ. [suðurþýska]) og upphafleg merk. „þrýstinn, stór, stæltur“.“ En í lokin er ítrekað: „Óvíst.“ Sögnin „ítreka“ er þarna á mínum vegum en ég taldi nokkuð víst að hún væri tengd því sem er „ítarlegt“. Svo virðist ekki vera, því samkvæmt Ásgeiri Blöndal kemur hún eftir öðrum leiðum á 17. öld og virðist tengjast því að „ropa“, eða „jórtra, tyggja upp aftur.“ En „ítarlegur“? Það virðist sprottið af erlendum rótum enn annarra orða sem vísa til þess sem er „rækilegt, nákvæmt“, og orðið „ýtrastur“ er sagt merkja „fremstur, mestur“ og vera skylt „út, ytri og ystur, ath. *ítur*.“

Athuga *ítur*! Lokast þá einhver hringur þarna? Eða eru flöktandi einingar tungumálsins í einhverju rými þar sem merking er á stöðugri hreyfingu eftir flughálum stígum? Og ég sem hafði í sakleysi mínu ætlað að leita staðfestingar á því að það sem sagt er „í stuttu máli“ væri ekki aðeins samantekt heldur skilmerkileg úttekt, *summa summarum*, semsé að hið stutta væri í raun og veru stærra, nákvæmara og ... jú, kannski glæsilegra, en ætla mætti. Mig fer að sundla. Og er eitthvert „eitur“ þarna í þokkabót?

Maður reynir að leysa sig úr þessum vanda með klassískri tvíhyggju. Það sem telst vera *stutt* verk í bókmenntum er metið út frá andstöðu sinni við stór verk, langar

ordasmíðar, eins og söguljóðið, skáldsöguna, ævisöguna og raunar ótalmarga aðra texta. Stærð þeirra sprettur raunar iðulega af mismunandi formum klifunar, eða ofauka (e. „redundancy“), það er að segja ropa og jórtri, en með slíkri fóðrun eða dúðun merkingar, sem felur raunar oft í sér aðdrátt margskonar smáatriða, skapa slík verk það sem Roland Barthes kallaði raunveruáhrif (fr. „l'effet de réel“), semsé skilaboð um að við séum stödd í heiminum, verkið beri í sér veröldina. Þessi fóðrun eða þétting byggist á endurtekningu. Annarsvegar læst hið stóra verk endurtaka veruleikann en innan verksins eru líka margskonar endurtekningaráhrif sem leika eftir þá ítrekun sem líf flestra, kannski allra, byggist á og mótast af. Endurtekningin er hið stóra lögmál veruleikans og fær sem slík mikið bendingargildi í bókmenntum – nema henni sé snúið gegn sjálfri sér, henni flaggað án þess að skiljist í fljótu bragði hvers vegna, gerðar tilraunir og brugðið á leik með hana, eins og bandaríska Parísarskáldkonan Gertrude Stein stundaði. Sem minnir á að ýmis stórvirki módernismans eru hæpin heild og geta orkað eins og brotasöfn þar sem smáatriðin trufla fremur en að þau falli í ljúfa löð.

Átök heildar og brots móta hið smáa bókmenntaverk. Ljóðið reynir iðulega að sætta þetta tvennt og það gerir smásagan líka, með speglun heimsins í einu sandkorni, eins og Rúnar Helgi Vignisson hafði í erindi sínu eftir Borges og nefndi í því sambandi hina innbyggðu kröfu um að þar sé enginn óþarfi eða útúrdúrar. Rúnar ræddi einnig hina mikilvægu áherslu Edgars Allans Poes á að smásagan sé gerð til lesturs í einni lotu. Þetta er lyklatríði þegar greint er á milli smásagna og nívella. Hægt er að birta nívellur sem framhaldssögur, eins og sjá má dæmi um íslenskum dagblöðum og tímaritum á 20. öld, þegar þeir miðlar voru mikilvægur útgáfuvettvangur bókmennta. En smásagan, sem lumar í heild sinni á sterkri bendingu eða vísun, verður að birtast öll og heil og vera lesin sem slík, í einum samfelldum lestri hverju sinni (sá lestur getur hinsvegar orðið annar ef hún er lesin aftur). Taki einhver upp á því að birta smásögu sem framhaldssögu er það ákveðinn andlestur, brotagjörningur, tilraun um hið smáa.

En jafnharðan skal viðurkennt að til eru enn smærri verk sem leitast við að setta heildina og brotið. Þá er átt við annarsvegar *epígrammið* sem vísnaform og hinsvegar *kejarnyrðið* sem einnig er nefnt orðskviður, málsháttur og spakmæli. Þetta tvennt fellur iðulega saman, enda mun epígramm hafa verið þýtt „spaka“, sem er vitaskuld afbrigði stöku. Þessi stuttverk rembast við að draga einhvern stóran lífssannleik saman í nokkur orð, snjallyrði með skýrri vísun sem hittir beint í mark. Eitt kunnasta dæmið hlýtur að vera það sem margir þekkja í latneskri gerð: „Ars longa, vita brevis“, sem er reyndar þýðing úr grísku og þar er röðin önnur, eins og reyndar í þeirri gerð sem oftast sést og heyrst á íslensku: „Lífið er stutt en listin löng“.

Þarna er lífið semsé í hlutverki brotsins, hins smáa, en listin (eða kunnáttan, tæknin, svo horft sé til orðsins í gríska textanum, þ.e. τέχνη) er hið stærra samhengi. Í þessum samanburði vottar þannig fyrir brotalínunni sem mótar hin friðlausari örverk. Það háttar svo til í íslenskum orðabúskap að „ör“ virkar hér á öllum sínum merkingarsviðum, ekki aðeins sem forskeyti með mismunandi merkingu, „aðallega ýmist neitandi eða herðandi“, svo enn sé sótt í orðsifjabók Ásgeirs Blöndals, samanber orð eins og öreigi, öruggur og örþjáður („örsaga“ getur þannig merkt ekki-saga eða sagnleysa); en líka „ör“ í merkingunni hvatur í lund eða skjótur, og reiðubúinn að skjóta ör af streng, þótt hún geigi, og geri hún það ekki skilur hún eftir sig ör: ummerki sárs, og jafnvel viðvarandi áverka eða skerðingu.

Hér að framan hefur verið rætt um heild út frá hinni skýru bendingu eða vísun. Örverkin einkennast hinsvegar af *vísbendingu*, og hér gerist það að klifunarorðið, sem segir í raun tvisvar það sama – er bæði vísun og bending – verður óljósara í samanlagðri skírskotun sinni; hún er ekki vís bending. Vísbending felur í sér ákveðnar líkur, ábendingu sem kallar á könnun, en mótast einnig af óvissu. Orðið vísbending er sem kunnugt er viðloðandi í útbreiddri bókmenntagrein, en glæpasagan fær ekki að eignast sér þetta orð og í örverkunum eru ekki miklar líkur á að óvissunni verði eytt. Óvissan er sannarlega mikið afl í lífi okkar og í bókmenntum og öðrum listum – sem og raunar ýmsum vísindum. Hún er nátengd merkingarleit

okkar – og hún er ýmist eða í senn tengd hinu óvænta og hinu smáa, eða því stutta sem teygir úr sér.

Örverkið er því eitill, það er bragðvíst og svolítið eitrad en samt meinhollt – enda gamall sannleikur og nýr að það er ekki mikið sem skilur að lyf og ólyfjan. Og nú verður ekki lengur af komist án þess að líta á dæmi um örverk. Hér er örljóðið „Inni“ eftir Stefán Hörð Grímsson:

Dú

Hjúpur veralda
án þín

Þetta er ekki spaka en ljóðið er fullt af stórum kenndum í fáum orðum sem samt opnast lesandanum eins og víður geimur – veraldir – sem eru þó hjúpur, sem virðist vísa til heitisins: „Inni“.

Annað af örljóðum Stefáns Harðar, og kannski sýnu brögðóttara, heitir „Þróun“:

Horn skugga
skuggi horns

Enn má hér nota orðin klifun og endurtekning, en þó ekki. Er þetta rúmfræðiljóð? Eða er þetta ljóð um tímann – er verið að mæla birtu með skugga, þ.e. einhverskonar sólúri, merku tæki sem þróun mannsins töfraði fram? Eða vísar „þróun“ á kaldhæðinn hátt til þess hvernig tímanum vindur fram á skuggaslungnum degi? En vísbendingarnar eru fleiri. Fjallar þetta um að hafa horn (eða annað verkfæri) í síðu einhvers, jafnvel sjálfs sín – og jafnvel um það hvernig þeir sem maður á þannig hornótt við geta orðið skuggar, draugar í lífi manns? Vísar klifunin þannig til tvöfaldrar paranoju? Langsótt? Kannski. Skuggalegt í öllu falli.

Matthías Johannessen, ólíkt Stefáni Herði, er stundum talinn til margarðra skálda og víst má flæðandi orðræða teljast einkenni á ýmsum mögnuðum ljóðum úr hans safni. En hann hefur einnig ort örljóð, eins og þetta, sem heitir „Guð“:

Ég er flöktandi ljós
milli fingra þinna.

Þetta er snilldarlýrik, þar sem leikið er í senn með stuðla og sérhljóða til að tengja og skilja á milli ljóðlína. Einhver kynni að halda að þetta sé spaka um tíru mannsins sem reynir að staðfesta sig („ég er“) í lófa Guðs (með stóru G-i), en um leið og lesandi áttar sig á því að sá guð sem hér um ræðir getur raunar verið mælandinn í ljóðinu, þá rofna skýr mörk og allskyns hugsanir þyrpast að, um tengsl mælanda og viðmælanda og óræð hlutverkaskipti þeirra. Hér er því enn á ferðinni ljóð um einstakling og veraldir; um allt það sem farið getur milli fingra. Hversu margir guðir skyldu vera í lífi okkar?

Ljóð Matthíasar kemur úr bókinni *Vegur minn til þín* og í þeirri bók eru einkunnarorð, eins og algengt er um margskonar ritverk. Einkunnarorð, epígraf, er, eins og segir í *Ensk-íslenskeri orðbóke* (1984), tilvitnun sett „við upphaf rits, kafla, kvæðis o.þ.u.l. til að gefa til kynna efni þess eða anda.“ Einkunnarorð, sem yfirleitt eru fengin að láni úr öðrum ritum, eru merkilegur flokkur hinnar stuttu orðræðu og myndu verðskulda sérstaka rannsókn. Þau standa framan við verkið eða á þröskuldi þess, eða ber á líta á þau sem móttökusveit í sjálfu anddyri þeirrar vistarveru sem verkið er? Þau „gefa til kynna“; stundum er í þeim skýr vísun, en í öðrum tilvikum óræðari vísbending, eins og hjá Matthíasi þar sem einkunnarorðin eru: „1. október“. Hann sækir dag í almanakið, en þetta hlýtur að vera mjög merkingarbær dagur – ef til vill *fundur* í fleiri en einni merkingu þess orðs.

En frá epígröfum aftur yfir í epígrömm og kjarnyrði. Af íslenskum höfundum er Guðbergur Bergsson sennilega sá sem átt hefur í mestum ögrandi og skapandi samræðum við hinu íslensku spakmælahefð, sem hann sýnir spaugsama virðingu, til dæmis í skáldsögunni *Leitin að landinu fagra*. Þar má til dæmis finna kjarnyrðið „Öfugur sér maður albest.“ Á öðrum stað í þeirri bók segir: „Eitthvað er allslausum allt, gæti máltækið sagt, þótt ég segi það núna fyrir það.“

Pragverski rithöfundurinn Franz Kafka hreifst af kjarnyrðum vegna þess að hann sá í þeim færi á umskiptum og ýmiskonar frásagnarfitjum. Hann fékkst á köflum við að semja sín eigin kjarnyrði. Hér eru nokkur þeirra (í þýðingu ÁEy og EyÞ):

- Láttu hið illa ekki telja þér trú um að þú getir leynt nokkru fyrir því.
- Þú ert verkefnið. Enginn nemandi nær eða fjær.
- Í baráttunni milli þín og heimsins skaltu styðja heiminn.
- Fræðilega er hægt að öðlast fullkomna hamingju: Að trúá á hið ógrandanlega í sjálfum sér og ekki að seilast eftir því með erfiðismunum.
- Frá ákveðnum punkti verður ekki aftur snúið. Hægt er að komast að þessum punkti.

Af svipuðum ástæðum heillaðist Kafka af dæmisögum. Sú bókmenntagrein afmarkast ekki við hin stuttu sagnaform, en Kafka nýtti sér hana við að setja saman sumar örsagna sinna, til dæmis sögu sem heitir „Næsta þorp“. Hér má sjá hvernig manninn, á vissum stað og vissri stund, svimar andspænis óráviddum sem eiga það til að skreppa saman; lífið verður styttra en skreppitúr:

Afi minn var vanur að segja: „Lífið er furðulega stutt. Nú skreppur það svo saman í minningu minni að ég skil til dæmis varla hvernig ungur maður getur ákveðið að ríða til næsta þorps án þess að óttast – alveg án þess að reikna með nokkrum óhöppum – að skeið venjulegs gæfusams lífs kunni að reynast allt of stutt fyrir slíka ferð.“

Það gerist einnig að teygist úr kjarnyrðum Kafka þannig að þau verða að örsögum, þó að sviðsmyndin gæti einnig skipað slíkum texta í flokk prósaljóða:

Fjölmargir skuggar hinna framliðnu fást við það eitt að sleikja vatnsflaum dauðafljótsins, vegna þess að það er frá okkur runnið og býr enn yfir saltbragði úthafa okkar. Fljótið hryglir sig þá af viðbjóði, streymir til baka og fleytir hinum dauðu aftur til lífsins. Þeir gleðjast við, syngja þakkarljóð og strjúka fljótinu, sem er í uppnámi.

Hér ná ör mennskunnar út yfir mörk lífs og dauða, enda getum við ekki án hinna dauðu verið. Þegar farið er yfir skilin óræðu verður hið smáa stórt og við sjáum hvað örverkið getur verið ótrúlega örlátt.